

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Rangárþingi ytra.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Rangárþings ytra sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem fráveitulagnir sveitarfélagsins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987:

		kr. pr. íbúð
Einbýlishús	100%	233.309
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús	85%	198.312
Fjölbýlishús	50%	116.654
Mannvirki önnur en íbúðir	0,6%	1.400 kr. pr. m <sup>2</sup>

Fermetrafjöldinn (m<sup>2</sup>), sem lagður er til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu fyrir önnur mannvirki en íbúðir er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks- og lágmarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu.

Af viðbyggingum við eldri hús, önnur en íbúðarhús, þar sem deiliskipulag er ekki til staðar, eru fermetrar (m<sup>2</sup>) viðbyggingar lagðir til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu kalli viðbyggingin á stofnframkvæmdir við fráveitulagnir.

Semja skal sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa eða þar sem lengd heimæðar er yfir 25 m og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera álagningamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni fasteigna. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurbætur á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 22. gr. samþykktar um fráveitur í Rangárþingi ytra.

Árlegt rotþróargjald á íbúðar- og frístundahús, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró	kr. 14.500
--------	------------

Árlegt rotþróargjald við atvinnurekstur eða fyrirtæki, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-4.000 lítra	kr. 14.500
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 16.800
Rotþró 6.001 lítra eða stærri	kr. 7.500 pr. m <sup>3</sup>

Fyrir aukalosun rotþróa, allt að 6.000 lítra að stærð, skal greiða kr. 68.000. Fyrir aukalosun rotþróa, 6.001 lítra eða stærri, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunaraðila.

#### 5. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalda skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitu- og rotþróargjalds.

## 6. gr.

Fráveitu- og rotþróargjöld er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 7. gr.

Einingarverð samkvæmt gjaldskrá þessari breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 og breytingu á byggingarvísitölu og skal þá miða við byggingarkostnað vísitöluhúss og byggingarvísitölu fyrir desember árið áður en breytt einingarverð taka gildi.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings ytra 14. október 2021, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitu í Rangárþingi ytra frá 10. desember 2020. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá um fráveitu og rotþróargjald í Rangárþingi ytra frá 10. desember 2020.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar, 14. október 2021.*

**Ágúst Sigurðsson** sveitarstjóri.